

135 Athugasemdir: 1. Andvafædd börn kallast þau, er koma í heiminn eftir 28. meðgönguviku, annað-
15. nóv. hvort dauð eða svo, að ekki tekst að lifra þau.

2. Um fóstur, sem fæðast fyrir lok 28. meðgönguviku, þarf eigi að senda presti neina skýrslu.

yfirsetuhjeraði í

sýslu dag

mán. 18

136

30. nóv.

Auglýsing

um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt þessar breytingar á auglýsingu 3. maí 1872, 2., 7. og 8. gr.;

- 1, að póstaðgreiðslan á Eyðum sje lögð niður og færð að Kollstöðum í Vallnahrepp, og skuli aðalþóstarnir, bæði frá Akureyri og Prestsbakka, látnir halda þangað;
- 2, að aukapóstur fari frá Kollstöðum til Eskifjarðar, undir eins og aðalþóstarnir eru þangað komnir, en aptur sje aukapóstleiðin milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar lögð niður;
- 3, að brjefhirding sje sett á Arnkellsstöðum í Skriðdal;
- 4, að brjefhirdingin á Fossvöllum sje færð að Hofteigi í Jökuldal;
- 5, að póstaðgreiðslan á Melum sje færð að Stað í Hrútafirði;
- 6, að aukapóstur sá, er fer frá Hjarðarholti í Dölum út í Stykkishólm og þaðan um Snæfells- og Hnappadalssýslu og vestur í Stykkishólm aptur, leggi leið sína kringum Snæfellsjökul og komi við í Ólafsvík og á Ingjaldshóli, og að sett sje brjefhirding í Ólafsvík; og loks
- 7, að Barðastrandarsýslupóstur fari um á Vatneyri við Patreksfjörð á leiðinni frá Brjámslæk að Bíldudal, en haldi þaðan aptur beina leið suður að Brjámslæk; og sje sett brjefhirding á Vatneyri.

Þessar breytingar öðlast gildi 1. janúar 1878.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, 30. nóvbr. 1872.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

137

30. nóv.

Aætlan

um 3 fyrstu ferðir landpóstanna árið 1878.

Með því að ferða-áætlunin fyrir póstgufuskipin árið 1878 eftir brjefi 10. þ. m. frá yfirstjórn hinna dönsku póstmála er eigi send mjer enn, heldur er mjer að eins skýr frá, að fastráðið sje, að láta póstskiptið byrja fyrstu ferðina frá Kaupmannahöfn 1. marz 1878, og leggja af stað frá Reykjavík aptur 23. s. m., og með því að nauðsynlegt er, að koma ferðaáætlun landpóstanna í sem nánast samband við ferðaáætlun póstgufuskipanna, verður aðal-ferðaáætlun landpóstanna árið 1878 eigi til búin, fyr en jeg fæ póstskipa-ferðaáætlunina, í lok marzmánaðar árið sem kemur.

Aptur á móti er hér með svo fyrir mælt, að *þrem fyrstu ferðum landpóstanna* 1878 skal hagað samkvæmt ferðaáætlun þeirri handa landpóstunum, er birt var 30. nóvember 1876, um árið, sem nú er að liða, og skulu því landpóstarnir leggja af stað frá enda-